










I. Efnahagsstefnan		
	Samráð um áherslur í endurnýjaðri ríkisfjármálastefnu var afar takmarkað og eingöngu í tilkynningaformi.	Ríkisstjórnin telur sig hafa efnt þetta og haft samráð. Ekki var þó gefinn neinn kostur á umræðum eða raunverulegu innleggi heldur var aðeins stuttlega greint frá áformum. Ekkert annað var til umræðu en það sem þegar hafði verið ákveðið.
	Engin efnahagsáætlun sem byggði á sameiginlegum áherslum var kynnt og aðkoma að reglulegu endurmati og setningu nýrra markmiða var lítil sem engin.	Ríkisstjórnin telur þetta efnt en efnahagsáætlunin sem ríkisstjórnin lagði að lokum fram í nóvember var samtíningur af eldri gögnum. Aldrei var reynt að móta sameiginlegar áherslur. Hið eina nýja í efnahagsáætluninni voru áform um að viðhalda gjaldeyrishöftum svo lengi sem krónan væri sjálfstæður gjaldmiðill.
	Ekkert samráð hefur verið haft við aðila vinnumarkaðarins um mótun nýrrar peningastefnu eða um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands.	Ríkisstjórnin segir peningamál í vinnslu.
II. Bætur almannatrygginga og persónuafsláttur		
	Ágreiningur er við ASÍ um hækkun bóta almannatrygginga. SA studdu ekki þá framkvæmd sem viðhöfð var í kjölfar samningana 5. maí en töldu það engu að síður niðurstöðu samninga milli ASÍ og ríkisstjórnarinnar og gerðu ráð fyrir að sama framkvæmd yrði áfram á hækkun bóta.	Ríkisstjórnin telur bætur hafa hækkað í takt við loforð. Engin skýring er þó gefin á mismunandi framkvæmd 2011 og 2012.
	Persónuafsláttur hefur hækkað eins og til stóð.	Enginn ágreiningur.
III. Starfsskilyrði atvinnulífsins		
	Tryggingagjald hefur lækkað eins og til stóð.	Enginn ágreiningur.
	Umræður um tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur standa yfir og hefur lítt miðað.	Enginn ágreiningur er um að málið er í gangi.
	Frumvarp til breytinga á skattamálum atvinnulífsins var lagt fram á vörþingi í bærillegri sátt en ákveðnar breytingar í meðförum þingsins voru ekki ásættanlegar. Önnur vinna að skattamálum atvinnulífsins hefur verið í gangi en hægt miðað.	Ríkisstjórnin segir málinu lokið en svo er ekki.
	Stjórnvöld hafa ekki haft samráð við fyrirtæki og samtök þeirra um umbætur í skattamálum.	Ríkisstjórnin segir málið í athugun.

	Lagt var í áttak gegn svartri atvinnustarfsemi sem gekk vel.	Enginn ágreiningur.
	Lagafrumvarp vegna misnotkunar félaga hefur ekki séð dagsins ljós.	Ríkisstjórnin segir málið á þingmálaskrá í vor en málið er ekki komið fram.
	Engar breytingar hafa orðið á lögum vegna réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti.	Ríkisstjórnin lagði fram frumvarp sem var samþykkt. Þetta er rétt athugasemd og yfirsjón hjá SA að taka ekki tillit til þess. Rauði punkturinn átti að vera grænn.
	Ekki hefur verið breytt lögum um opinber innkaup né hafa stjórnvöld gefið út tilmæli um samræmt mat á hæfi bjóðenda.	Ríkisstjórnin segir málið í vinnslu en ekkert hefur enn komið fram um málið.
IV. Sókn í atvinnumálum		
	Ekki stefnir í að hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslu aukist umtalsvert hvað þá að 20% fjárfestingarhlutfall sé líklegt til að nást á árinu 2013.	Ríkisstjórnin fjallar ekki um málið.
	Engin hagvaxtar- og fjárfestingaráætlun var lögð fram í maí 2011.	Ríkisstjórnin segir málið í vinnslu en benda má á að nú er komið árið 2012.
	Vegaframkvæmdir á Suðvesturlandi með sérstakri fjármögnun hafa verið slegnar af.	Ríkisstjórnin telur sig hafa efnt yfirlýsinguna með því að starfshópur hafi skilað álit. Ótrúleg viðbrögð. Ráðherra tilkynnti starfshópi í upphafi annars fundar hans að málið væri úr sögunni.
	Rammaáætlun um vernd og nýtingu orkuauðlinda hefur ekki verið lögð fram.	Ríkisstjórnin segir lög hafa verið samþykkt en ekki bólar samt á rammaáættuninni sjálfri á Alþingi.
	Ekki hafa tekist nýir samningar um tvö umtalsverð fjárfestingaverkefni en þar af átti annað að vera á Norðausturlandi.	Engin athugasemd frá ríkisstjórninni.
	Bein erlend fjárfesting hefur ekki verið aukin með nýjum aðgerðum og engar hindranir aflagðar.	Engin athugasemd frá ríkisstjórninni.
	Átakið „allir vinna“ var framkvæmt.	Enginn ágreiningur.
	Íslandsstofu hefur ekki verið falið að setja fram tillögur um hvataaðgerðir vegna fjárfestinga í orkufrekri starfsemi.	Ríkið segir samning í bígerð og telur málið efnt en reynslan sýnir að BÍGERÐ er annað en GERT.
	Engar sérstakar nýjar umbætur á fjármáلامarkaði hafa verið gerðar.	Engin athugasemd frá ríkisstjórninni.
	Átakið „Ísland allt árið“ hefur farið vel af stað.	Enginn ágreiningur.
	Klasasamstarf á grunni hugmynda Samtaka iðnaðarins fékk ekki framlag á fjárlögum 2012 þótt reynslan væri	Ríkisstjórnin telur þetta efnt en samt hafa engir fjármunir sést á fjárlögum eins og um var rætt.

	jákvæð.	
	Ekkert nýtt hefur verið gert til að efla Nýsköpunarsjóð eða Tækniþróunarsjóð.	Ríkisstjórnin segir þetta vera í vinnlu en ekkert hefur heyrst eða sést.
V. Menntamál og vinnumarkaðsúrræði		
	Bráðaaðgerðir til að koma atvinnulausu fólki í nám gengu vel haustið 2011.	Enginn ágreiningur.
	Átak vegna starfstengdra úrræða er að hefjast.	Enginn ágreiningur.
	Ekki hefur orðið vart við samráð vegna endurskoðunar laga um LÍN.	Ríkisstjórnin segir nefnd að störfum en sú nefnd hefur ekki haft samráð.
	Þróunarsjóður og Vinnustaðanámssjóður fengu sín framlög.	Enginn ágreiningur.
VI. Lífeyrismál, starfsendurhæfing og húsnæðismál		
	Engin fundur hefur verið haldinn í starfshópi vegna samræmingar lífeyrisréttinda.	Ríkisstjórnin segir málið í vinnslu og síðdegis 12. jan kom loks fundarboð eftir árshlé.
	Engar aðgerðir hafa verið gerðar vegna tryggingafræðilegs halla LSR.	Engin athugasemd frá ríkisstjórninni.
	Enginn starfshópur hefur verið settur á laggirnar og engin fundahöld hafa orðið vegna inngreiðslna í almennu lífeyrissjóðina.	Ríkisstjórnin segir starfshóp að störfum. Rétt er að hópur var tilnefndur og hittist einu sinni til að taka við skýrslu frá Talnakönnun. Engin vinna er hins vegar í gangi. Rauði punkturinn stendur.
	Frumvarpsvinna vegna starfsendurhæfingar hefur verið í gangi og er á lokastigi.	Enginn ágreiningur.
	Vinna vegna húsnæðismála hefur farið af stað.	Enginn ágreiningur.
Bókun um málsmeðferð í sjávarútvegsmálum		
	Bókunin gekk á engan hátt eftir.	Ríkisstjórnin telur málið efnt með því að hagfræðingahópur hafi lokið störfum. Ótrúleg viðbrög miðað við efni bókunarinnar.
Bókun um framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar		
	Starfshópur hefur verið nánast óvirkur.	Engin athugasemd frá ríkisstjórninni.